

Nýtt skólaár er hafið í Menntaskólanum að Laugarvatni

Kæru Sunnlendingar, Eftir langt og gott sumarfrí hefur nýtt skólaár í Menntaskólanum að Laugarvatni hafist með tilheyrandi fjöri. Að þessu sinni voru það 53 nemar sem tóku sín fyrstu skref sem ML-ingar og voru þeir boðnir hjartanlega velkomnir af nemendafélagi Mímis þann 18. ágúst sl. Dagskráin var fjölbreytt, með leikjum og viðburðum sem gerði nýnemum kleift að kynna bæði hver öðrum og skólanum sjálfum.

Daginn eftir komu eldri nemendur aftur á heimavistirnar og hófst þá hefðbundið skólastarf. Það var þó ekki langt að biða eftir meiri skemmtun, því á föstudeginum var kennslu lokið um hádegi og fór fram skírn ný-



nema. Eldri nemendur fylgdu nýnemum skrautlega niður að Laugarvatninu þar sem fór fram sérstök athöfn sem markaði innngöngu þeirra í samfélag ML-inga.

Að lokinni skírn var stemningin haldin lifandi með skemmtilegu balli í íþróttahúsinu, þar sem allir nemendur

fögnuðu nýju skólaári og innkomu í skólann. Með því lauk nýnemaviku ML 2025 og lofar hún góðu fyrir skemmtilegt og samstillt skólaár fram undan.

Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir, ritnefndarformaður nemendafélagsins Mímis. ML/
Elena og Arnbjörg



Miklir vatnavextir að Fjallabaki

Mikið hefur rignt að Fjallabaki síðastliðinn sólarhring og ár og vötn bólgnáð í miklum vatnavöxtum í kjölfar rigningarinnar.

Hópur frá Björgunarsveitinni Þorbirni sem nú sinnir hálendisvakt í Landmannalaugum hefur í morgun gætt þess að ferðalangar sem voru í Laugum komist klaklaust yfir vaðið á Námakvísl, sem alla jafna er líkt og tær bergvatnsá, en er nú sem ólgandi jökulfljót á að líta. Eftir að hafa aðstoðað einn bíl sem lenti í vandræðum var tekin ákvörðun um að fylgja öllum smærri jeppum yfir vöðin í Laugum til að koma í veg

fyrir að þeir ferðalangar sem voru að fara úr Laugum lentu í samskonar vandræðum.

Nú er afar fátt í Landmannalaugum og Jökulgilskvíslin beljar sem stórfjót rétt við tjaldsvæðin.

Í sumar hafa verið talsverðir vatnavextir á Mælifellssandi og þó nokkrir ferðalangar lent þar í vandræðum. Nú er enn meira vatn þar og eftir könnunarleiðangur Hálendisvaktar í gær inn á Mælifellssand er ljóst að leiðin er illfær jafnvel mikið breyttum jeppum, jafnvel stórum trukkum.

Rétt er að vara við ferðalögum inn á þessi svæði á meðan þessi staða er uppi.



Eftirminnileg Njáluvaka að baki

Njáluvaka var haldin í Rangárþingi um síðustu helgi. Hátíðin var afar eftirminnileg, athafnirnar táknrænar og skemmtunin með sögulegu ívafi. Það reið fjöldi skikkjuklæddra hestamanna í skrautreið og eldur var borinn að endurbyggingu Bergþórshvols. Karlakór Rangæinga tók lagið, öðlingar einnig og kvöldið var einkar vel heppnað. Ljósmynd: Árni Sæberg



Rúnastafir og galdrabækur á Kukklérí-inu

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is

Árvirkinn

Þessi eðalgæji er kominn á sextugsaldurinn í dag 28. ágúst.
Hann þyggur knús og kossa í tilefni dagsins.



JÖFNUNARSTYRKUR TIL NÁMS

Umsóknarfrestur á haustönn 2025 er til 15. október nk.



Nemendur á framhaldsskólastigi sem ekki njóta lána hjá Menntasjóði námsmanna geta sótt um styrk til jöfnunar á námskostnaði. Styrkurinn ræðst af búsetu og er fyrir þá sem stunda nám fjarri heimili sínu.

- Dvalarstyrkur (fyrir þá sem að dvelja fjarri lögheimili og fjölskyldu sinni vegna náms og greiða leigu).
- Styrkur vegna skólaaksturs (fyrir þá sem sækja nám frá lögheimili fjarri skóla).

Opnað er fyrir umsóknir 1. september 2025.

Nemendur geta sótt um jöfnunarstyrkinn með rafrænum skilríkjum á "Mitt Lán" sem aðgengilegt er í gegnum heimasíðu okkar www.menntasjodur.is. Nemendur og aðstandendur þeirra eru hvattir til að kynna sér reglur um styrkinn á vef Menntasjóðsins.


*Menntasjóður námsmanna
Námsstyrkjanefnd*

Rúnastafir og galdrabækur á Kukkléri-inu

Tómas Albertsson rekur safnið Kukkléri-ið við Þykvaflöt á Eyrarbakka. Safnið inniheldur ýmiss konar fjársjóð, líkt og rúnir, galdrastafi og bækur um hina miklu brennuöld á Íslandi. Það var ansi gaman að kíkja við á safnið síðasta sunnudag, veðrið var hæglaft, hrafnninn tók á móti mér við innanganginn og Tómas var tilbúinn að leiða mig í gegnum aldirnar með sögulegum staðreyndum frá fornöld Íslendinga.

„Það er merkilega mikið efni til frá 18. öldinni,“ segir Tómas mér en elsta galdrabókin sem hann geymir er frá árinu 1706 sem geymir ýmsa leyndardóma. Það er marget hægt að skoða á safninu og ekki bara gráskinnur sem innihalda galdra og rúnarstafi heldur eru þar einnig keramikbolla og platta sem hann aðir voru fyrir fáeinum árum af fyrirtækinu Glit sem merktir eru galdrastöfum. Þeir eru einkar vandaðir á að líta en einungis til í litlu upplagi þar sem sú færa kona sem framleiddi þá er hætt þeirri vinnu.

Á safninu er að líta Íslands-kort með sagnfræðilegu sam-



hengi frá brennuöldinni. Þar er hægt að sjá tengingar landshluta á milli þegar kemur að göldrum og fólksins sem þá stundaði.

Tarot-spil og spábollar eru til af mörgum stærðum og gerðum, mikið safn af öllu sem tengist hjátrú og hindurvitnum sem tengist inn á fornlagatrú Íslendinga og mikið verðmæti í því að varðveita sögulegar rætur okkar á þennan máta þar sem sú trú var stór partur af lífi okkar í þá daga.

„Stefnan er tekin á annað húsnæði fyrir safnið svo ef einhver er með góða hugmynd að nýrri staðsetningu fyrir Kukkléri-ið þá er ég opinn fyrir flestu,“ segir Tómas með bros á vör.

„Það má segja að vanti alvöru ferðamannaverslun inni á Selfossi, vissulega margar flottar búðir en einhverja í líkingu við Kukkléri-ið sem geymir ýmsan

fróðleik bæði um land og þjóð. Eitthvað sem heldur ferðamanninum við efnið svo hann staldri lengur við og fái tilfinningu fyrir þeim sérstöku rótum okkar Íslendinga, þeirri sem felst í hjátrú og forlagaspeki. Mig langar að halda minni sýningar sem tengjast inn á söfn og verslanir inni á Selfossi, það er eitthvað sem á eftir að vinda upp á sig en eins og er þá einbeiti ég mér eingöngu að Kukklériinu og að finna því nýja staðsetningu,“ segir Tómas að lokum hugsí á svip.

Það er ekki langt síðan safnið opnaði en það var í byrjun sumars. Safnið hefur stækkað umtalsvert á stuttum tíma og alltaf bætist við eitthvað nýtt og fróðlegt svo enginn verður svikinn af því að kíkja þar við í kaffi. S.C.

Skógræktarfélag Árnesinga auglýsir eftir skógarverði



Starf skógarvarðar hjá Skógræktarfélagi Árnesinga á Snæfoksstöðum Viltu vinna í náttúrunni við að rækta og annast skóga? Skógræktarfélag Árnesinga leitar að **skógarverði** með starfsstöð á Snæfoksstöðum í fullt starf til að leiða og skipuleggja fjölbreytt verkefni á þessum mikilvæga vettvangi.

Hvað felst í starfinu?

- **Verkstjórn og skipulag:** Stjórn daglegra verkefna í skógi. Samræming vinnu með stjórn, rekstrarstjóra félagsins og verktökum.
- **Umhirðu og ræktun:** Ber ábyrgð á gróðursetningu, umhirðu skóga þ.m.t. jólatrjáareita, timburreita og viðhaldi útivistarsvæða.
- **Skógarafurðir og markaðsmál:** Skipuleggur og hefur umsjón með vinnslu og sölu viðarafurða í samvinnu við rekstrarstjóra, þ.m.t. flettingu trjábola, kurlun og arinviðarvinnslu.
- **Kynningarmál:** Veitir ráðgjöf og leiðbeiningar til deilda skógræktarfélagsins. Vinnur að kynningarmálum í samstarfi við stjórn Skógræktarfélags Árnesinga.
- **Umsjón með eignum:** Hefur eftirlit með fasteignum og tækjum félagsins.
- **Önnur tilfallandi verkefni í samráði við stjórn.**

Starfsstöðin er á **Snæfoksstöðum í Grímsnes og Grafningshreppi**.

Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- **Menntun í skógtækni eða skógræði.**
- **Reynslu:** Af ræktun og umhirðu skóga, úrvinnslu viðar, notkun tækja í skógrækt og umsjón með útivistarsvæðum.
- **Hæfni:** Til að vinna sjálfstætt, skipuleggja verkefni og hefur góða samskiptahæfni.
- **Réttindi:** Vinnuvéla- og ökuréttindi.

Ef þú ert sjálfstæð(ur), drifandi og hefur ástríðu fyrir skógrækt, gæti þetta verið tækifæri til að vinna að uppbyggingu skóga, viðarvinnslu og útivistarsvæða á Suðurlandi.

Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2025.

Nánari upplýsingar um starfið má fá hjá stjórn félagsins, með því að senda póst á netfangið hreinn1971@hotmail.com og skulu umsóknir berast á það netfang.





RANGÁRFLATIR 4 · HELLA



531 8010




Stracta Bistro er á jarðhæð Stracta Hótels á Hellu.

Gestir okkar geta notið fjölda rétta með áherslu á heilsusamlegt fæði sem unnið er úr afurðum í nærliggjandi sveitum.

Bistro veitingahúsið er góður kostur fyrir gesti með fjölbreytt úrval við hæfi hvers og eins.

Opnunartími er:

Opið alla daga frá kl. 12:00 til 22:00



ÞRÚÐVANGUR 6 · HELLA



662 8110



Velkomin á Rótina – þar sem ítölsk matargerð mætir ferskleika íslenskrar náttúru.

Við leggjum metnað í að bjóða upp á handgerðar pizzur og pastarétti, ásamt úrvali af kokteilum og vönduðum vínum.

Við bjóðum upp á take away pizzur.

Opnunartími er:

Sunnudaga til miðvikudaga: 12:00 – 21:00

Fimmtudaga til laugardaga: 12:00 – 22:00

*Next Door
to Nature*

WWW.STRACTA.IS

Íþróttir

Góð þáttaka á meistaramóti Íslands

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossvelli dagana 23.-24. ágúst. 19 iðkendur frjálsíþróttadeildar Selfoss náðu tilskyldum lágmörkum á mótinu. Það var góð þáttaka og flottur árangur náðist í mörgum greinum. Bryndís Embla Einarsdóttir og Hjálmar Vilhelm Rúnarsson náðu þeim frábæra árangri að verða Íslandsmeistarar þrátt fyrir ungan aldur og auk þess unnu keppendur frjálsíþróttadeildar Selfoss til fjögurra silfurverðlauna og þriggja bronsverðlauna.

Bryndís Embla Einarsdóttir kastaði spjótinu 44,75 m og varð Íslandsmeistari. Árangur hennar er jafnframt nýtt HSK-met í þremur flokkum, 16 – 17 ára, 18 – 19 ára og 20 – 22 ára en hún bætti eigin met. Hún bætti einnig eigið Selfossmet í fullorðinsflokki. Hjálmar Vilhelm Rúnarsson vipaði sér yfir 1,93 m í hástökki og vann sér inn Íslandsmeistaratitil og hann vann einnig til bronsverðlauna í kringlukasti er hann bætti sig og kastaði 42,46m. Þorvaldur Gauti Hafsteinsson vann til silfurverðlauna í 800m hlaupi eftir mjög



harða keppni en hann hljóp á tímanum 2:04,73 mín og Kristinn Þór Kristinsson hljóp 1500m á tímanum 4:01,81 mín og vann til silfurverðlauna. Örn Davíðsson vann til silfurverðlauna þegar hann kastaði spjótinu 60,27m og Anna Metta Óskarsdóttir stökk 11,55 m í þristökki og fékk silfurverðlaun að launum. Að lokum hljóp Huguína Birna Hjaltdóttir 400 m grindahlaup á tímanum 1:12,56 mín og Ísöld Assa Guðmundsdóttir vipaði sér yfir 2,70 m í stangarstökki og unnu þær báðar til bronsverðlauna.

UMFS



Alexander og Eric komu, sáu og sigruðu sinn flokk í motocross

Fjórða umferð Íslands-mótsins í motocross fór fram 9. ágúst á vegum KKA á Akureyri. Rúmlega 50 keppendur voru skráðir til leiks og gekk dagurinn vel fyrir sig.

Iðkenndur UMFS þeir Alexander Adam og Eric Máni unnu báðir sína flokka en Alexander Adam sigraði örugglega flokkinn MX1 og Eric Máni sigraði flokkinn MX2.

UMFS

Bryndís Embla Einarsdóttir bætti eigið met í spjótkaсти

Bryndís Embla Einarsdóttir, Umf. Selfoss, bætti eigið Íslandsmet í spjótkaсти á Sumarkastmóti Selfoss þann 18. ágúst síðastliðinn. Hún kastaði 500 gr. spjótinu 46,93 m og bætti eigið Íslandsmet í flokki 16 –17 ára um 61 cm. Árangur Bryndísar Emblu er jafnframt HSK-met í flokki 16–17 ára.

Kristján Kári Ólafsson bætti eigið HSK-met í sleggjukasti (7,26 kg) á sama móti er hann kastaði sleggjunni 41,40 m. Hann bætti fyrra met sitt um 90 cm.

Margir aðrir keppendur stóðu sig vel og settu persónuleg met



en úrslit mótsins má sjá á mótasiðu FRÍ.

UMFS

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Stundum máninn okkar er, einn í burt minn skreytir garð. Talsvert kenndur fólinn fer, fjórtán daga þessi ber.

Svar við gátu í blaði 2816: **BRETTI**
1. Þvottabretti - 2. Þvottabretti
3. Brettí upp - 4. Vörubretti



Sunnlenski
matgæðingurinn



Kjúklingasalat í öllum regnbogans litum

Helgi Sigurður Haraldsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Ómari fyrir áskorunina. Ég er nú ekki mikið í því að prófa mig áfram í eldhúsinu með nýjum uppskriftum og því oftast eitthvað sótt á netið eða í bækur. Hér er vinsæl uppskrift, fengin að láni af netinu, sem mikið er notuð á mínu heimili þegar eitthvað létt á að vera í matinn.

Kjúklingasalat í öllum regnbogans litum

4 kjúklingabringur
Kjúklingakrydd
BBQ honey mustard sósa
1 poki klettasalat
1 askja kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
1 rauðlaukur
1/2 agúrka
1 avocadó og/eða 1 mangó
100 g ristaðar furuhnetur
1/2-1 krukka fetaostur (ekki setja olíuna með)
1 askja jarðarber tortillaflögur
Salatdressing
1 dl olía
1/2 dl balsamic edik
1/2 dl dijon sinnep
1 dl hlynslíróp
1 hvítlauksgeiri, pressaður



Skerið kjúklingabringurnar í litla munnbita og steikið á pönnu. Kryddið með kjúklingakryddi og þegar kjötið hefur „lokast“ er BBQ-sósunni hellt út á pönnuna og kjúklingurinn látinn malla í henni þar til hann er eldaður í gegn.

Skerið grænmetið í hæfilega bita og raðið á disk.

Hellið kjúklingum yfir og stráið ostinum og furuhnetunum yfir allt. Endið á muldum nachosflögum.

Gerði sósuna með því að hræra öll hráefnin vel saman og berið hana fram með salatinu þannig að hver getur skammtað sér að vild.

Ég skora svo á Jóhönnu Bríeti Helgadóttur, dóttur mína, fyrir næsta blað en þar er ekki komið að tómun kofanum þegar matseld eða bakstur á í hlut.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Emilía Ósk á línuna

Emelía Ósk er 17 ára línumaður sem kemur frá Fjölni þar sem hún ólst upp. Hún hefur nú samið við handknattleiksdeild Selfoss til ársins 2027. Emelía Ósk lék meðal annars með U-19 ára landsliði Íslands á EM í sumar í Svartfjallalandi.

Við bindum miklar vonir

við Emelíu Ósk og það verður spennandi að sjá hana með meistaraflokki kvenna í vetur.

Um leið og Handknattleiksdeild Selfoss býður Emelíu velkomna á Selfoss þá viljum við færa Fjölni þakki fyrir þeirra þátt í félagaskiptunum.

UMFS

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17,
800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir,
sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag
5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir
hádeggi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur
austan Hellisheiðar. Dagskráin
er aðili að samtökum bæjar-
og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X





Samið um nýtt húsnæði fyrir Landsbankann og TM á Selfossi

Landsbankinn og TM á Selfossi munu flytja sig yfir í nýtt hús við Austurveg 11 á Selfossi fyrir árslok 2027, samkvæmt langtímaleigusamningi sem gerður hefur verið við Fossver ehf.

Um er að ræða hús sem mun rísa við Austurveg 11 þar sem verslun Karls R. Guðmundssonar hefur verið til húsa.

Útibúið á Selfossi er eitt af stærstu útibúum bankans og þar vinna 18 manns. Afgreiðslur Landsbankans í Reykholti og í Þorlákshöfn heyra einnig undir útibúið og er heildarfjöldi starfs-

fólks bankans í Árnassýslu því 22.

Landsbankinn seldi Landsbankahúsið á Selfossi við Austurveg 20 árið 2020. Húsið, sem var gert eftir grunnteikningum Guðjóns Samúelssonar, er um 1.200 fermetrar.

Frá sölu hefur starfsemi bankans farið fram á jarðhæð hússins og verður hún áfram þar fram að flutningum.

Nýja húsnæðið verður um 440 fermetrar að stærð en til samanburðar fer starfsemi bankans á Selfossi nú fram á 660 fermetrum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Ytra-Seljaland, heiðin – nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan tekur til 9 frístundalóða úr landi Ytra-Seljalands, L163773 eða á 10 ha svæðis. Heimilt verður að byggja sumarhús með geymslu eða allt að 230 m².

Ytra-Skógar, breytingar við gamla héraðsskólanum – breyting á deiliskipulag

Deiliskipulagsbreytingin tekur til Skólavegs 1, L163674 þar sem áður var héraðsskóli Skóga. Með breytingunni er gert ráð að hámarks byggingarmagn á lóðinni verði 8.700 m² og allt að þremur hæðum. Gert er ráð fyrir 78 bílastæðum.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur frá 22. ágúst til og með 3. október 2025. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega í Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþings eystra



Hnjúkamói 16

Opið hús 30. og 31. ágúst
Tími: 13:00-15:00

Glæsilegar íbúðir til sölu.
Fjölbýlishús í Þorlákshöfn
með fullfrágengnum íbúðum.



Stofnhús
stofnhus.is



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Ópið hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Ópið hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
Brossiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Ópið hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18

Eyravegur 31, Selfossi
Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brossið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Í Skálholti er messað hvern
sunnudag kl. 11. Næsta sunnu-
dag 31. ágúst þjónar sr. Axel
Árnasson Njarðvík héraðsprest-
ur og flytur prédikun. Jón
Bjarnason dómorganisti leikur á
orgel og Steinway-flygilinn og
leiðir safnaðarsöng.

Selfosskirkja

Sjá auglýsingu á bls. 7.

TAPAD/FUNDIÐ

Elskulegur kötturinn minn
Tómas Petro er týndur síðan að-
faranótt þriðjudags frá Foss-
veginum. Hann er afar heimakær
og hefur að öllum líkindum lent í
sjálfhældu og lokast einhvers-
staðar inni. Ef þið vilduð vera
svo væn að kíkja inn í skúra og
skýli eftir honum. Sími 888 0833.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur,
Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsá-
ætlana:

1. Birkibýggð; Úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2503056

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. ágúst 2025 að kynna breytingu aðalskipulags
sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Svæðið sem breytingin nær til er Birkib-
byggð sem er hluti af frístundabyggðinni F9 Kjóabyggð/Álftabyggð. Í breytingunni felst að Birkibýggð verður
breytt úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Einnig eru settir fram almennir skilmálar og heimildir fyrir íbúðarbyggð í
dreifbýli.

2. Vaðnes L168289; Efnistökusvæði; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting - 2503065

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 20. ágúst 2025 var samþykkt að kynna breytingu á
aðalskipulagi sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni
felst að nýtt efnistökusvæði er skilgreint í landi Vaðness L168289. Svæðið sem um ræðir er landbúnaðarsvæði í
gildandi aðalskipulagi. Heimilt verður að vinna allt að 49.000 m³ af efni og gert ráð fyrir að efnistakan vari í allt að
10 ár. Stærð vinnslusvæðis verður allt að 2 ha.

3. Ljósafosskóli L168468; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting - 2403043

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps dags. 20. ágúst 2025, var samþykkt að kynna breytingu
á aðalskipulagi sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Svæðið sem
breytingin nær til er við Ljósafosskóla L168468. Með breytingunni felst heimild fyrir aukinni gististarfsemi og
uppbýggingu á svæðinu. Samkvæmt núverandi skilmálum aðalskipulags er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 30
manns á svæðinu. Innan breytingar er gert ráð fyrir gistingu fyrir allt að 100 manns. Gistingin getur verið í ýmis-
konar húsum og tjöldum.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætl-
unar:

4. Reykholt; Stækkun iðnaðarsvæði I24; Aðalskipulagsbreyting - 2503016

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. júní 2025 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi
sem tekur til þéttbýlisins í Reykholti. Í breyttu aðalskipulagi er iðnaðarsvæðið I24 stækkað yfir svæði fyrir jarð-
hitavinnslu og heimilud nýting jarðhita, svæðið er afmarkað sem fláki á skipulagsupprætti í stað punkts. Íbúðar-
byggð I21 og opið svæði OP5 minnka samsvarandi. Stærð skipulagssvæðis er um 1,2 ha.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og
deiliskipulagsbreytinga:

5. Reykholt; Hreinsistöð og nýting jarðhita; Deiliskipulagsbreyting - 2506026

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar dags. 18. júní 2025 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi
sem tekur til þéttbýlisins í Reykholti. Suðaustan við íbúðarbyggðina við Tungurima hefur verið reist hreinsistöð
fyrir fráveitu og borað eftir heitu vatni. Sveitarfélagið hyggst nýta vatnið fyrir ört stækkandi byggð í Reykholti og
mögulega bora fleiri holur í framtíðinni ef þörf verður á meira af heitu vatni. Í breyttu deiliskipulagi er núverandi
löð fyrir hreinsivirkni stækkuð og heimilað að nýta jarðhita innan hennar og vera með þau mannvirki sem þarf í
tengslum við þá vinnslu.

6. Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag - 2412025

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 19. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til
athafnasvæðis A11 við Heiðargerði. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðar 10 löðir sem ætlaðar eru til uppbýgg-
ingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði.

7. Ærhúsbakki L235706; Skilgreining svæðis; Deiliskipulag - 2507018

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar dags. 20. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag sem
tekur til Ærhúsbakka L235706 í Bláskógabyggð. Í tillögunni felst m.a. skilgreining þriggja byggingarreita. Heimilt
er að reisa íbúðarhús á byggingarreit nr. 1 og 2 en á byggingarreit nr. 3 er heimilt að byggja við núverandi fjárhús
eða reisa útihús s.s. gróðurhús, gripahús, skemmu/vélageymslu.

8. Einholt L180119; Skilgreining löða; Einholt 1 og Einholt 2; Deiliskipulag - 2506106

Á fundi hreppsfundar Ásahrepps dags. 20. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til
Einholts L180119 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining tveggja löða og byggingarreita innan þeirra fyrir
íbúðarhús og bílskúr.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi máls:

9. Syðra-Langholt; Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting - 2505033

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps dags. 21. ágúst 2025 var samþykkt að auglýsa niðurstöðu sveitar-
stjórnar vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tekur til grjótnámu á Syðra-Langholti L172619 í Hruna-
mannahreppi. Í breytingunni felst stækkun á efnistökusvæði E31 úr 0,9 ha í 2,4 ha þar sem leyfileg efnistaka
verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á
skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipu-
lagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1 - 3 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 28. ágúst 2025 með athugasemdarfresti til og með 18.
september 2025. **Mál 4 - 8** innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 28. ágúst 2025 með athugasemdar-
fresti til og með 10. október 2025. **Mál 9** innan auglýsingar er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar vegna óveru-
legrar breytingar á aðalskipulagi.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir við-
eigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6,
Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@skipulag.utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Vígfus Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Meiri gæði og mun minni álögur - Hveragerðisleiðin í leikskólamálum



Meirihluti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar ásamt Pétri G. Markan bæjarstjóra.

Í málefnaþingningi Okkar Hveragerðis og Framsóknar fyrir kjörtímabilið 2022–2026 er lögð sérstök áhersla á að bæta stöðu barnafjölskyldna í Hveragerði. Mikilvægur liður í því markmiði snýr að því að lækka leikskólagjöld með því að bjóða upp á gjaldfrjálsum leikskóla í allt að sex tíma á dag á sama tíma og öllum börnum 12 mánaða og eldri er tryggt leikskólaþláss.

12 mánaða börnum er tryggður leikskóli
Með opnun nýs hluta Leikskólans Óskalandis undir lok sumars hefur Hveragerðisbær loks náð því markmiði að tryggja öllum börnum frá 12 mánaða aldri leikskólaþláss. Þegar núverandi meirihluti tók við árið 2022 hafði um nokkurt skeið ekki tekist að standa við þessa stefnu bæjarins. Til að mæta þeirri stöðu var ákveðið í upphafi kjörtímabilsins að greiða foreldra- greiðslur til þeirra fjölskyldna sem ekki fengu pláss fyrir börn sín við 12 mánaða aldur og fram að úthlutun leikskólaþláss. Með þessum greiðslum var leitast við að vega upp kostnað sem foreldrar þurftu að bera vegna skorts á leikskólaþlássum. Nú er ánægjulegt að segja frá því að öllum börnum í Hveragerði er tryggt leikskólaþláss í samræmi við það markmið sem meirihlutinn setti sér í upphafi kjörtímabilsins.

árið 2023 tveir, árið 2024 þrír og frá 1. september 2025 verða þeir orðnir fjórir. Markmiðið er að árið 2026 verði sex tímar gjaldfrjálsir á dag. Þessi aðferð hefur skilað því að leikskólagjöld fyrir átta tíma dvöl á dag hafa lækkað úr 29.256 krónum á mánuði árið 2022 í 16.800 krónur árið 2025, sem samsvarar 43% lækkun. Á kjörtímabilinu hafa leikskólagjöld í Hveragerði lækkað verulega og biðlistar eru nú auðir sem áður voru þéttsettir. Það er Hveragerðisleiðin.

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, formaður bæjarráðs
Sandra Sigurðardóttir, forseti bæjarstjórnar
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, bæjarfulltrúi
Halldór Benjamín Hreinsson, bæjarfulltrúi
Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi

Gjaldfrjálsir tímar á leikskólum
Á kjörtímabilinu hefur verið unnið markvisst að því að lækka leikskólagjöld með því að fjölga gjaldfrjálsum tímum á leikskólum Hveragerðisbæjar. Árið 2022 var boðinn einn slíkur tími,

Haustferð FEBSEL



Ferðanefnd FEBSEL og Guðmundur Tyrfingsson bjóða upp á haustferð um Mosfellssveit og Grafning miðvikudaginn 10. september 2025

Lagt af stað frá Grænumörk kl. 13:00.

Leiðsögumaður: Kristján Einarsson

Á ION hóteli á Nesjavöllum biðja hópsins kaffiveitingar.

Verð pr. mann er kr. 4,500 kr. sem greiðist við brottför.

Aðeins ein rúta verður í ferðinni og þar af leiðandi takmarkast fjöldi farþega við það. Vinsamlega athugið að hver og einn þátttakandi er á eigin ábyrgð.

Bókanir í ferðina eru hjá nefndinni og þátttökulisti liggur frammi í Grænumörk 5. Einnig má skrá sig á Facebook-síðu Febsel.

Þátttaka tilkynnist fyrir fimmtudaginn 4. september.

Hlökkum til fararinnar.

Helgi s. 860 7032
Ingibjörg s. 864 2972
Vigdís s. 893 6564





Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is



SENDUM HVERT Á LAND SEM ER



SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS
Landssamtök um skynsamlega skotveiði

VEKTU Í ÞÉR VEIÐIEÐLIÐ

Nú getur þú sótt bæði Skotvopna- og Veiðikortanámskeiði í Skotveiðiskóla SKOTVÍS, á netinu, þegar þér hentar. Verulegur skotvopna- hluti fer fram á skotvelli.

„Vefurinn er einstaklega góður og einfaldur í notkun. Lestrarefnið var skýrt og auðskiljanlegt og prófin voru mikil hjálp og hjálpaði mikið við að átta sig á hvaða hluta námsefnisins ég var að ná tökum á og hvað ég þurfti að fara yfir aftur.“

Allar nánari upplýsingar á skoli.skotvis.is.



Frá Selfosskirkju

Miðbæjarmessa á Selfossi

Sunnudaginn 31. ágúst breytum við til og messum á Brúartorgi kl. 14. Miðbærinn og heiður himinninn verður að kirkjurými og vettvangur góðrar og gefandi stundar.

Daníel Karl Cassidy og Hugrún Birna Hjaltadóttir leika á fiðlur.

Kór Selfosskirkju syngur fallega og kunnuglega sálma og sönglög við undirleik Edit Molnár organista og kórstjóra.

Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir samveruna.

Allir eru hjartanlega velkomnir og um að gera að líta við og njóta góðrar samveru saman á fallegum stað.

(Með fyrirvara um sæmilegt úriveður)



Safnaðarstarf í Selfosskirkju vaknar af sumardvala á næstu vikum

Barna- og æskulýðsstarf kirkjunnar hefst í byrjun september.

Foreldramorgnar hefja göngu sína að nýju miðvikudaginn 3. september kl. 11-12.

Morgunbænir verða alla miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10 frá og með 3. september.

Þriðjudagssamverur hefjast að nýju í lok september.

Kynnið ykkur safnaðarstarf og helgihald í Selfosskirkju á www.selfosskirkja.is



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Hátt í 30 matarfrumkvöðlar sameinast

Lásu yfir 93 þúsund blaðsíðu

FRÁRENNSLI
GEFUM GÖMLUM LÖGNUM NÝTT LÍF

Myndum og staðsetjum lagnir

Stíflulosun og rótahræinsum

15 ára reynsla

Sími 571 0300
frarennsl@gmail.com

ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI EHF.

KARL S: 692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir • Þjónusta
Nýsmíði • Rafmagn

Sími: 760-5670 • pulsinn@pulsinn.com

800
LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BRÁÐ AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

RS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tr.s.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilwerk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BYGGINGARÞJÓNUSTA
SUÐURLANDS
Nýbyggingar • Viðgerðir
Endurbætur

Áreiðanleg þjónusta með reynslu

Sími 659 3522 / 772 8906
bygg@byggingarsudurlands.is
www.byggingarsudurlands.is

STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

VIÐ ELSKUM
STÍFLUR!

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþræð
- Fitugildrur
- Sandgildrur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaþreinsun

510-1180 / 669-8441

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is

Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

prentmet
heildarlausnir í prentun

Gagnheiði 17 | Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is | prentmetoddi.is